

## Með seiglunni hefst það. Saga Benedikts Davíðssonar

**Höfundur:** Haukur Sigurðsson

**Bókarheiti:** Með seiglunni hefst það. Saga Benedikts Davíðssonar

**Gagnrýnandi:** Guðmundur J. Guðmundsson, sagnfræðingur

**Útgáfa:** JVP útgáfa, Reykjavík 2008, 381 bls. Heimildaskrá, myndaskrá og nafnaskrá.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** *"Hér er á ferðinni rit sem allir áhugamenn um stjórn- og verkalýðsmál verða að kynna sér. Framhjá þessari bók verður ekki gengið þegar nánar verður fjallað um ýmislegt það sem þar er dregið á. Í því sambandi skiptir miklu máli sú vinna sem höfundur hefur lagt í vinnslu heimilda."*

### LÍFSSAGA FÉLAGSMÁLATRÖLLS

Bók sú sem hér er til umfjöllunar er mikil að vöxtum og um flest ólík þeim ævisögum sem gefnar eru út hér á landi og hafa að viðfangsefni fólk sem enn er á meðal vor. Venjan er sú að slíkar bækur séu viðtalsbækur þar sem sá sem fjallað er um hefur orðið og skýrir frá málum út frá sínum sjónarhól. Við þetta form er í sjálfu sér ekkert að athuga, og geta slíkar bækur orðið mikilvægar heimildir um atburði og tíðaranda, einkum ef viðmælandi hefur frá einhverju bitastæðu að segja, en því miður er sú ekki alltaf raunin.

Þeir Haukur og Benedikt völdu aðra leið. Með seiglunni hefst það er ekki hefðbundin viðtalsbók þótt vissulega byggji hún að nokkru leyti á viðtölum höfundarins við Benedikt. Haukur kastar nefnilega netum sínum víðar til efnisöflunar, hann ræðir við fjölda fólks sem átt hefur samskipti við Benedikt gegnum tíðina, ættingja, samstarfsmenn og andstæðinga og síðast en ekki síst hefur hann farið í gegnum mikið magn heimilda, bæði á skjalasöfnum sem og í prentuðum heimildum, bókum og blöðum. Niðurstaðan er heimildaskrá sem er á niundu blaðsíðu í tvídálki og með smáu lettri.

Uppbygging sögunnar er hefðbundin, fjallað er um ætt og uppruna, uppvaxtarár, fjölskylduhagi og störf Benedikts, jafnt í atvinnulífinu sem að félagsmálum. Í fyrsta hlutanum um tekur höfundur sér góðan tíma til að fjalla um félagslegar og efnahagslega aðstæður á Patreksfirði þaðan sem Benedikt er ættaður og er það vel til fundið því aðbúnaður á uppvaxtarárunum hlýtur óneitanlega að móta manninn á fullorðinsárum. Í þessum hluta er m.a. sagt frá ofurvaldi eina atvinnurekandans í plássinu og hvernig því var beitt miskunnarlaust en einnig er hér að finna frásagnir af kynlegum kvistum sem eru ómissandi í bókum sem þessari. Eins og gefur að skilja er drjúg umfjöllun um verkalýðs- og stjórnsmál enda var faðir Benedikts áberandi á þeim vettvangi. Kaflinn er í heild fróðlegur en verður á stundum dálítið sundurlaus, ef til vill vegna þess að heimildir skortir. Dæmi um það er þátturinn um sjómannafélagið á Patreksfirði. Sama á við um kaflann um fjölskylduhagi Benedikts þar sem gjarnan er brugðið upp ýmsum smámyndum og virkar kaflinn því harla ágripskenndur. Reyndar má segja um bókina í heild að hún hefði haft gott af sterkari ritstjórn því sumstaðar ber á óþarfa endurtekningum.

Meginhluti bókarinnar fjallar að sjálfsögðu um afskipti Benedikts af félagsmálum verkalýðshreyfingarinnar. Þar er af mörgu að taka því Benedikt var lengi í forystu Trésmíðafélags Reykjavíkur og svo síðar Samiðnar. Hann hafði auk þess mikil afskipti af lífeyrismálum launafólks og sat í stjórnunum tveggja banka, lðnaðarbankans og Alþýðubankans. Ferli sínum hjá verkalýðshreyfingunni lauk hann svo með því að gegna embætti forseta A.S.Í. á árunum 1992-1996. Ekki var þó þar með lokið afskiptum hans af félagsmálum því hann átti eftir að láta til sín taka í samökum eldri borgara þar til fyrir fáum árum síðan. Í stjórnsmálum skipaði Benedikt sér snemma yst á vinstri vænginn og gekk í Sósíalístaflokkinn og var virkur í honum og arftaka hans Alþýðubandalaginu þar til það var lagt niður.

Í þessum hluta bókarinnar er margt hnýsilegt að finna og má nefna sem dæmi átökin innan Trésmíðafélagsins sem kalda stríðið setti rækilega mark sitt á. Í þeim hluta er merkileg frásögn af því hvernig Sósíalístaflokkurinn beitti svokölluðum liðum innan verkalýðshreyfingarinnar og man ég ekki eftir að frá því hafi verið sagt annars staðar. Dálítið er fjallað um starf Benedikts innan Sósíalístaflokksins en fróðlegt hefði verið að fá að heyra meira um það enda án efa frá mörgu að segja. Hér er einnig sitthvað sem kemur á óvart svo sem þau miklu tengsl sem íslenska verkalýðshreyfingin hafði lengi vel við verkalýðshreyfinguna í austantjaldslöndunum og átti það ekki bara við um félagi í Sósíalístaflokki eða Alþýðubandalaginu. Kaflinn um starf Benedikts að lífeyrismálum er að heita má yfirlit yfir sögu lífeyrismála á Íslandi.

Forsetaembætti Alþýðusambands Íslands er eins og gefur að skilja hápunkturinn á ferli Benedikts og er fullkomlega eðlilegt að sú frásögn sé fyrirferðarmikil. Það verður þó að segjast eins og er að miðað við ýmsa aðra þætti bókarinnar er þessi kafli heldur rýr. Vissulega er þar að finna margháttadan fróðleik, svo sem um vinnubrögð innan hreyfingarinnar, hrossakaup og plott milli aðildarfélaga og arma svo og deilur manna í millum. Fyrir mína parta hefði ég þó heldur kosið að meira væri lagt í ýmsa aðra þætti í lífi og starfi Benedikts svo sem áður hefur verið getið. Í lokin er rétt að benda á prýðilegan kafla um veigamikinn þátt trésmiða í björgunaraðgerðum í gosinu í Vestmannaeyjum.

Hér er á ferðinni rit sem allir áhugamenn um stjórn- og verkalyðsmál verða að kynna sér. Framhjá þessari bók verður ekki gengið þegar nánar verður fjallað um ýmislegt það sem þar er dregið á. Í því sambandi skiptir miklu máli sú vinna sem höfundur hefur lagt í vinnslu heimilda og sér í lagi hvernig hann styður allar frásagnir með tilvísunum í þessar heimildir, í alls 363 aftanmálgreinum. Í heimildaskránni hefur höfundur kortlagt drjúgan hluta þeirra gagna sem frekari rannsóknir á þessu sviði hljóta að byggja á. Með þessum vinnubrögðum hefur Haukur Sigurðsson skapað öðrum höfundum viðmið hvað varðar ævisögur samtímamanna sem ætlað er að vera eitthvað meira en uppblásin glansblaðaviðtöl.